



Fleiri merki um dalandi styrkleika vinnumarkaðar


Fjölgun fólks á vinnumarkaði stöðvast

Áætlað er að um 204 þús. manns hafi verið á vinnumarkaði í júlí 2019 samkvæmt niðurstöðum vinnumarkaðskönnunar Hagstofunnar, sem jafngildir 79,5% atvinnuþátttöku. Af þeim voru tæplega 196 þús. starfandi og 8.600 atvinnulausir. Atvinnulausir voru því um 3.500 fleiri en var í ágúst 2018. Atvinnuleysi var 4,2% af vinnuafli í ágúst, en var 2,5% í ágúst í fyrra.


Starfandi fólki fækkaði um tæplega 13.000 manns milli júlí og ágúst sem er óvenju mikil sveifla. Starfandi voru 6.800 færri nú í ágúst en var í ágúst 2018. Sveiflur milli mánaða í könnun Hagstofunnar eru oft miklar og sé miðað við meðaltal síðustu 12 mánaða fækkaði fjöldi starfandi um 0,2% milli júlí og ágúst. Starfandi fólki á vinnumarkaði er því ekki að fjölga mikið eins og reyndin hefur verið síðustu misseri.

Atvinnuleysi minna en síðustu mánuði en meira en fyrir ári

Samkvæmt nýjum tölum Hagstofunnar var atvinnuleysi 4,2% í ágúst og jókst úr 2,5% í júlí. Atvinnuleysi í ágúst í fyrra var 2,5%. Sé litið á meðaltal síðustu 12 mánaða var atvinnuleysi 3,1% í ágúst og hafði aukist um 0,3 prósentustig frá áramótum. Skráð atvinnuleysi samkvæmt tölum Vinnuálastofnunar var 3,5% í ágúst og 3,4% í júlí. Skráð atvinnuleysi í ágúst 2018 var 2,3% og hefur það því aukist um 1,2 prósentustig á einu ári. Meðaltal skráðs atvinnuleysis síðustu 12 mánuði var 3,1% sem er sama tala og mælingar Hagstofunnar sýna. Allt frá árinu 2012 fram á mitt ár 2019 hafa tölur Hagstofunnar um 12 mánaða atvinnuleysi verið mun hærra en tölur Vinnuálastofnunar þannig að nú hefur orðið breyting á.



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



Heimild: Hagstofa Íslands, Vinnuálastofnun.



Atvinnuþátttaka minnkar

Atvinnuþátttaka í ágúst var 79,5% og minnkaði um 3,9 prósentustig frá júlímánuði og um 2,8 prósentustig frá ágúst í fyrra.

Sé litið á 12 mánaða meðaltal dróst atvinnuþátttaka saman um 0,4 prósentustig frá ágúst 2018 til sama tíma 2019 og hefur því einnig farið minnkandi á þann mælikvarða.

Vinnutími að stytast

Vikulegur vinnutími var að jafnaði 40,4 stundir í ágúst sem óbreytt frá fyrra ári. Sé miðað við 12 mánaða meðaltal var vinnutíminn nú í ágúst 38,9 stundir sem er 0,3 stundum styttri en í ágúst 2018. Þessi stærð er óbreytt frá júlí og þetta er stysti vinnutíminn á þennan mælikvarða í fjölda ára.




Fækkun starfandi dregur úr vinnuafslnotkun

Séu breytingar á fjölda starfandi og vikulegum vinnutíma teknar saman mánuð fyrir mánuð jókst vinnuafslnotkun nær samfelt frá árslokum 2017, nema í febrúar í ár. Nú í júlí minnkaði vinnuafslnotkun (eða fjöldi unninna stunda) um 0,4% frá í júlí 2018 og nú í ágúst var vinnuafslnotkun 2,9% minni en í ágúst í fyrra. Starfandi fólki fækkaði um 2,9% á tímabilinu, og vinnutími var óbreyttur milli ára. Fækkun unninna stunda skýrist því einvörðungu af fækkun starfandi fólks á vinnumarkaði.

Fleiri merki um veikari vinnumarkað

Fyrr á árinu var reiknað með auknu atvinnuleysi eftir því sem liði á árið og að staða á vinnumarkaði myndi versna. Tölur Hagstofunnar hafa sveiflast mikið að vanda, en langtímaþróunin er hæg upp á við. Skráð atvinnuleysi er nú 0,8 prósentustigum hærra en það var í lok ársins 2018 og langtímaþróunin því einnig upp á við þar. Vinnuafslnotkun í ágúst var nokkuð minni en fyrir ári síðan.

Uppsagnir í september voru verulega fleiri en hefur verið í langan tíma, bæði nokkrar stórar og svo fleiri minni. Það er því líklegt að afleiðingar þess muni koma fram í tölum um atvinnuleysi á næstu mánuðum. Staðan á vinnumarkaðnum er auðvitað mjög nátengd hagsveiflunni og spurningin um hvort





hagkerfið nái að rétta úr sér á næsta ári skiptir miklu fyrir vinnumarkaðinn.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.